

September fréttablað



Samstarf

Í byrjun september komu Ester Hjartardóttir og Guðrún Sigríks Sigurðardóttir frá félagi eldri borgara og heimsóttu börnin á Tröllaheimum. Þær hittu börnin í salnum og sungu með þeim nokkur lög og lásu fyrir þau. Var þetta hin besta samvera og þökkum við þeim fyrir komuna.

Í lok september komu Eyrún Saldís, Herdís María og Unnur Ósk í heimsókn til okkar með Siggú flautukennaranum sínum. Þær spiluðu nokkur lög á þverflautu og sungu líka með börnunum. Takk fyrir komuna allar.



Foreldrafundir

Foreldrafundir voru auglýsir í síðasta fréttablaði en það er orðin smá breyting á þeim en fresta þarf fundi á Álfaheimum sem átti að vera 9. október og verður hann í staðinn **30. október**. Fundirnir verða sem hér segir: Tröllaheimar búin, **Hulduheimar 2. október**, **Dvergaheimar 16. október**, **Ásheimar 23. október** og **Álfaheimar 30. október**.

Bleikur litadagur

Október er mánuður brjóstakrabbameins og höldum við uppá hann þann 11. október. Þá ætla allir að mæta í einhverju **bleiku** eða með eitthvað **bleikt** á sér. Gaman væri að sem flestir sæju sér fært að taka þátt í þessum degi með okkur og gaman væri að sjá foreldra einnig klæðast **bleiku** á þessum degi.



Ný stjórn foreldrafélags

Aðalfundur foreldrafélagsins var haldin 18. september og var mæting þrýðileg. Kosnir voru þrjár nýir fulltrúar í stjórn þær Katrín Ósk Sigurgeirsdóttir, Harpa Vignisdóttir og Sigurhanna Hjartardóttir, auk þeirra eru í stjórninni áfram Hanna Guðrún Gestdóttir og Vigdís Lea Kjartansdóttir. Harpa er formaður, Vigdís er gjaldkeri, Sigurhanna ritari og Hanna Guðrún og Katrín eru meðstjórnendur. Þau Helga Jóna Gylfadóttir, Arndís Lára Sigtryggisdóttir og Ingólfur Arnarsson viku úr stjórn eftir tveggja ára setu og þökkum við þeim kærlega fyrir þeirra störf.

Leiksýning

Síðasta dag septembermánaðar fóru elstu börnin í leikskólanum á leiksýninguna „Ómar orðabelgur“ Þjóðleikshúsið fer á hverju hausti í leikferð um landið og býður börnum að koma á leiksýningu. Að þessu sinni var sýningin í boði fyrir elsta árgang leikskólans. Farið var með rútu á Selfoss og var spenningurinn mikill. Sýningin var í leikhúsinu á Selfossi, börnin voru ánægð með sýninguna og nutu hennar stillt og þrúð.

Haustþing

Föstudaginn **4. október** er haustþing leikskóla á suðurlandi og fer allt starfsfólk Bergheima á það. Leikskólinn verður því **lokaður** þennan dag. Haustþing er þannig byggt upp að það kemur starfsfólk af öllum leikskólum á suðurlandi frá Kirkjubæjarklaustri að Þorlákshöfn og fer á ýmis námskeið eða fyrirlestra á þessum degi.

Umhverfisnefnd

Umhverfisnefnd þetta skólaárið skipa: Fríða S., Rannveig, Guja, Dís og Fríða G. Umhverfisnefndin hittist annan föstudag í mánuði Næsta markmið Grænfánans er Átthagar og stefnt er að því að sækja um þann fána í febrúar 2020.

Taupokar

Það er farið að fækka verulega taupokunum okkar sem fara heim þegar börnin eru með blaut föt eða slíkt. Viljið þið vinsamlega athuga hvort einhverjir pokar leynist hjá ykkur og skila þeim hreinum til okkar.

Aðlögun nýrra barna

Aðlögun nýrra barna er að ljúka núna um miðjan október eru nemendur þá 95 í leikskólanum á 5 deildum.

Bergheimar halda áfram að vera fjölþjóðlegir en nemendur eiga annað hvort annað eða báða foreldra af erlendum uppurna. Löndin sem nemendur eru frá auk Íslands eru: Pólland, Rúmenía, Kenýa, Bandaríkjunum, Slóvakía, Þýskalandi og Tæland.

Fyrirlestur

7. október verður fyrirlestur frá Blátt áfram sem ber nafnið „Hvernig má vernda börn gegn kynferðisofbeldi?“ fyrirlesturinn er ætlaður **foreldrum** og starfsfólki leikskólans. **Fyrirlesturinn er í samstarfi við foreldrafélagið og hvetjum við foreldra eindregið til þess að mæta.** Fyrirlesturinn er kl. 17.30 í sal leikskólans. Hér er hægt að sjá frekari upplýsingar um fyrirlesturinn. <https://www.blattafram.is/fyrirlestrar/>

Vikan 1.-6. október

- 2. október foreldrafundur á Hulduheimum kl. 8.10.
- 3. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 4. október Haustþing starfsfólks leikskóla á suðurlandi, **leikskólinn lokaður.**

Vikan 7.-13. október

- 8. október Félag eldri borgara koma á Hulduheima og lesa eða segja sögu.
- 10. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 11. október rugldagur og **bleikur litadagur.**

Vikan 14.-20. október

- 16. október foreldrafundur á Dvergaheimum kl 8.10.
- 17. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 18. október söngstund.

Vikan 21.-27. október

- 23. október er foreldrafundur á Ásheimum kl 8.10.
- 24. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 25. október söngstund.

Vikan 28.-31. október

- 30. október er foreldrafundur á Álfaheimum kl 8.10.
- 31. október íþróttir í íþróttahúsinu, muna eftir þægilegum fatnaði.
- 1. nóvember **grænn litadagur.**

Með haustkveðju
Elsa aðstoðarleikskólastjóri